



FUNDARGERÐ 508. FUNDAR STJÓRNAR SORPU

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, miðvikudaginn 6. nóvember 2024. Fundurinn er settur klukkan 07:30. Fundurinn er staðfundur að Köllunarklettsvegi 1, 104 Reykjavík.

Fundarstjóri: Árelía Eydís Guðmundsdóttir, formaður stjórnar.

Fundarritari: Gunnar Dofri Ólafsson.

Sækja fund: Aldís Stefánsdóttir, Árelía Eydís Guðmundsdóttir, Gunnar Valur Gíslason, Orri Vignir Hlöðversson, Svana Helen Björnsdóttir, og Valdimar Víðisson.

Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri, Gunnar Dofri Ólafsson, sviðsstjóri þjónustu- og samskiptasviðs, og Þórhallur Hákonarson fjármálastjóri sækja staðfund.

Til fundarins hafði verið boðað með lögformlegum hætti í samræmi við starfsreglur stjórnar og er því fundurinn ákvörðunar- og ályktunarbær.

Tekið fyrir

1) Staða ESA verkefnis – Kynning á stöðu verkefnis

Halldór Þorkelsson og Haraldur Flosi Tryggvason Klein, ráðgjafar SORPU í vinnuhópi vegna ESA-verkefnisins, taka sæti á fundinum undir þessum lið og gera grein fyrir stöðu verkefnisins.

Stjórn bókar:

„Vinnuhópur framkvæmdastjóra vegna innleiðingar væntanlegrar niðurstöðu ESA kom á stjórnarfund og kynnti starf hópsins og stöðu verkefna. Eftir yfirferð málsins var vinnuhópnum falið að skoða áhrif þeirra breytinga sem niðurstöður ESA kunna að hafa á rekstur SORPU í víðu samhengi með það að markmiði að leggja fram heildstæðari niðurstöður um kosti og galla mismunandi sviðsmynda. Stefnt skal að því að í lok fyrsta ársfjórðungs 2025 liggi fyrir fyrstu niðurstöður um valkosti sem viðeigandi haghafar þurfa að taka afstöðu til.“

2) Málafni endurvinnslustöðva – skil vinnuhóps um framtíðarskipulag endurvinnslustöðva

Bryndís Skúladóttir, ráðgjafi hjá VSÓ, Guðmundur B. Friðriksson, skrifstofustjóri skrifstofu umhverfisgæða hjá Reykjavíkurborg og Ísól Fanney Ómarsdóttir, verkefna- og áhættustjóri SORPU, taka sæti á fundinum undir þessum lið. Guðmundur vísar af fundi eftir þennan lið, Bryndís og Ísól Fanney sitja áfram undir liðum 3 og 4.

Bryndís er starfsmaður og Guðmundur formaður vinnuhóps sem hefur frá vordögum 2024 unnið að skýrslu um framtíðarsýn SORPU á fyrirkomulagi endurvinnslustöðva á höfuðborgarsvæðinu.

Skýrslan er rædd.

Stjórn bókar:

„Samþykkt að á stjórnarfundum í janúar 2025 liggi fyrir tillaga að sviðsmynd á grundvelli skýrslunnar til ákvörðunar stjórnar.“



3) Málefni endurvinnslustöðva – Lambhagavegur

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir stöðu uppbyggingar nýrrar endurvinnslustöðvar við Lambhagaveg. Á 506. fundi stjórnar voru þrjár sviðmyndir reifaðar og afgreiðslu málsins frestað.

Fyrir fundinum lá uppfærð hönnunarlýsing og kostnaðaráætlun sviðsmyndar 1, dags. 05.11.2024, þar sem m.a. eru greindir áhættuþættir varðandi kostnaðaráætlunina á þessu stigi (kaflí 12) sem m.a. er mætt með áætluðum ófyrirséðum kostnaði og tilgreindum vikmörkum kostnaðaráætlunar. Áhættunefnd er með í vinnslu áhættumat vegna fjárfestingarinnar og þeirrar fjárskuldbindingar Sorpu bs. sem henni fylgir.

Stjórn bókar:

„Í ljósi undangenginnar kynningar hóps um framtíðarskipulag endurvinnslustöðva á höfuðborgarsvæðinu samþykkir stjórn, með vísan til gr. 4.3 í eigendastefnu byggðasamlagsins, að leita heimildar eigendafundar Sorpu bs. fyrir því að uppbygging nýrrar endurvinnslustöðvar við Lambhagaveg verði á grundvelli sviðsmyndar 1, með yfirbyggingu að hluta. Framkvæmdastjóra er falið að leggja ákvörðun stjórnar fyrir eigendafund til staðfestingar ásamt fyrirliggjandi áhættumati ráðgjafa og áhættumati áhættunefndar.“

4) Málefni endurvinnslustöðva – staða verkefnis um nýja stöð í stað Dalveg

Á fundi stjórnar SORPU bs. þann 5. desember 2023 var samþykkt að koma á fót starfshópi um staðarval fyrir endurvinnslustöð í stað endurvinnslustöðvarinnar við Dalveg, sem stendur til að loka. Samkvæmt erindisbréfi var hlutverk hópsins að greina valkosti til að koma til móts við þörf íbúa á höfuðborgarsvæðinu, sérstaklega í Garðabæ og Kópavogi, fyrir aðgengi að endurvinnslustöð frá þeim tímapunkti sem endurvinnslustöðinni við Dalveg yrði lokað. Niðurstaða starfshópsins liggur enn ekki fyrir.

Á fundi stjórnar þann 1. júlí 2024 var samþykkt samkomulag við Kópavogsbæ um að fresta lokun endurvinnslustöðvarinnar við Dalveg um 12 mánuði, til 1. september 2025.

Sviðstjóri þjónustu- og samskiptasviðs gerir grein fyrir líklegum neikvæðum áhrifum af lokun endurvinnslustöðvarinnar við Dalveg á þjónustu Sorpu bs. við íbúa í nærumhverfi stöðvarinnar og hvernig helst meggi draga úr þeim áhrifum.

Ákveðið var að fela fulltrúa Kópavogs í stjórninni að kanna afstöðu starfshópsins til þess að niðurstaða hópsins liggja fyrir eigi síðar en í lok ársins 2024.

5) Skipan og starfsreglur starfskjaranefndar

Framhald umræðu frá stjórnarfundi 506. Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir drögum að útfærslu á starfskjaranefnd SORPU, þ.m.t. drögum að starfsreglum nefndarinnar.

Stjórn bókar:

„Samþykkt að koma á stofn starfskjaranefnd Sorpu bs. sem samanstandi af formanni stjórnar SORPU og tveimur óháðum nefndarmönnum, þeim Drífu Sigurðardóttur frá Attentus og Valdimar Svavarssyni, stjórnarmanni í VÍS. Stjórnarformaður Sorpu bs. verði formaður starfskjaranefndar. Nefndarmenn skoði fyrirliggjandi drög að starfsreglum starfskjaranefndar ásamt fyrirliggjandi ábendingum stjórnarmanna og leggi starfsreglurnar ásamt starfsáætlun nefndarinnar fyrir næsta stjórnarfund sem verður í byrjun desember nk.“



6) Undirbúningsfélag um hátæknibrennslu á Íslandi

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir undirbúningsvinnu vegna stofnunar Undirbúningsfélags um hátæknibrennslu á Íslandi, þ.m.t. stöðu skjalagerðar. Málið hefur áður verið á dagskrá stjórnar, meðal annars á fundum 497 og 506 og er tilgreint í samþykktri fjárhagsáætlun Sorpu bs. 2025.

Stjórn bókar:

„Stjórn samþykkir að SORPA bs. taki þátt í stofnun Undirbúningsfélags um hátæknibrennslu á Íslandi með Kölkú sf. og umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu. Framkvæmdastjóra er falið að vinna málið áfram og kynna jafnframt á eigendafundi byggðasamlagsins.“

Málið verður áfram til umfjöllunar í stjórn.

7) Önnur mál

Stjórn staðfestir með áritun sinni á tilkynningu til RSK formlega breytingu á skipan stjórnar í júlí 2024.

Næsti fundur

Næsti fundur er boðaður 4. desember klukkan 11:00.

Fleira var ekki gert og fundi slitið 09:58.